

FJÁRÖFLUN

LAUGARDAGUR 31. OKTÓBER 2015

Kynningarblað Papco, Olís og Kökugerð HP

Papco býður fjölbreytt vöruúrval

Papco hefur áratuga reynslu af fjáröflunum og býður upp á fjölbreytt og skemmtilegt vöruúrval. Hjá Papco geta íþróttafélög, kórar og aðrir hópar fengið allt frá salernis- og eldhúsrúllum til sniðugra heimilispakka, harðfisks, sælgætis og jólapappírs.

Papco hefur í þrjátíu ár framleitt íslenskan hreinlætispappír fyrir íslensk heimili og fyrirtæki. Á þessum þremur áratugum hefur fyrirtækið lagt mikið upp úr vöruþróun og hefur að leiðarljósi að ná fram bestu gæðum á hagkvæman og umhverfisvænan hátt,“ segir Guðbjörg Jónsdóttir, sölufulltrúi á styrktarsviði Papco, en hjá fyrirtækinu öllu starfa fjörutíu starfsmenn.

Fjölbreytt fjáröflun

Það er hefð að íþróttafélög, kórar og aðrir hópar selji klósettpappír til fjáröflunar og þar kemur Papco sterkt inn. „Við höfum reynt að hjálpa hópum að ná markmiðum sínum,“ segir Guðbjörg en Papco býður upp á margt annað en pappír fyrir slíkar fjáraflanir. „Við erum til dæmis með lakkrís, harðfisk, jólapappír, kaffi, sælgæti og margt fleira. Þannig bjóðum við upp á heildarlausn til fjáröflunar enda finnst fólki oft þægilegt að fá þetta allt á einum stað,“ segir hún.

Jákvæð vöruþróun

Fjöldinn allur af nýjum vörum hefur bæst við vöruúrval Papco á liðnum árum. „Margar hverjar hafa verið þróaðar í samvinnu við viðskiptavinum fyrirtækisins og höfum við lagt á það mikla áherslu að vinna með þeim til að þróa bestu vörur á markaðinn,“ upplýsir Guðbjörg.

„Á þessum þremur áratugum hefur fyrirtækið lagt mikið upp úr vöruþróun og hefur að leiðarljósi að ná fram bestu gæðum á hagkvæman og umhverfisvænan hátt.“

„Annars bjóðum við upp á fimm mismunandi gerðir af salernispappír og því ættu allir að finna pappír við sitt hæfi. Lúxuspappírinn er vinsælastur en einnig er De-Luxe-pappírinn að verða mjög vinsæll. Hann er tveggja laga sléttur en extra mikið er á hverri rúllu. Einnig bjóðum við upp á þrjár tegundir af eldhúsrúllum og eru hálfskiptar orðnar mjög vinsælar.“

Papco hefur áratuga reynslu af fjáröflun. „Við getum því aðstoðað fólk við að gera fjáröflunina sem besta til að hámarka tekjumöguleikana.“

Hægt er að nálgast styrktarbækling Papco á www.papco.is. Einnig er hægt að koma við á Stórhöfða 42 eða hafa samband við sölufulltrúa í síma 587-7788. Styrktarvörurnar eru einnig seldar í útibúi Papco á Akureyri, Austursíðu 2, s. 462- 6706, og á Egilsstöðum s. 660-6718.



Jólapappírinn er afar vinsæll fyrir jólin.



Fjöldinn allur af nýjum vörum hefur bæst við vöruúrval Papco á liðnum árum, að sögn Guðbjargar Jónsdóttur hjá Papco. MYND/ANTON

papco
-bestir á bossann

Styrktarsala
er góð leið til fjáröflunar!

Hafðu samband í síma 587 7788 og fáðu sendan vörulista



Styrkja tengsl og samkennd

Stór hluti af starfsemi yngri flokka íþróttafélaga hér á landi snýr að fjáröflunum. Þótt fjáraflanir séu nauðsynlegur þáttur starfsemi yngri flokka efla þær líka tengsl milli foreldra barnanna. Stöðugt er verið að leita nýrra og frumlegra fjáröflunarleiða.

Fjáraflanir eru stór hluti af starfsemi yngri flokka íþróttafélaga hér á landi og hefur verið um langt skeið. Það eru sjálfboðaliðar, sem eru nær alltaf foreldrar barna sem stunda íþróttir hjá viðkomandi félagi, sem sjá að mestu leyti um skipulag þeirra og framkvæmd.

Ein þeirra sem hefur verið dugleg í fjáröflunum undanfarin ár er Rósa Hrönn Árnadóttir sem er þó að eigin sögn bara ótrúlega venjuleg KR-mamma. Strákurinn hennar byrjaði í fótbolta með 8. flokki hjá KR árið 2010. Ári síðar var hún komin á fullt sem sjálfboðaliði í yngri flokka starfi félagsins, fyrst í foreldraráði og síðar í barna- og unglingaráði fótoltans hjá KR. „Mest hef ég starfaði í kringum flokk stráksins en svo hefur sjálfboðaliðastarfið þróast út í eitt og annað og í raun að ýmsum verkefnum hjá bæði stráka- og stelpuflokkum félagsins. Það eru fjölmargir foreldrar innan félagsins sem koma að fjáröflunum og án þeirra væri þetta ekki hægt.“

Frumkvæði foreldra nauðsynlegt

Margt hefur breyst undanfarin ár þegar kemur að fjáröflun íþróttafélaga. Upphaflega snerist hún mest um sölu á klósettpappír, eldhúsrúllum og lakkrís að sögn Rósu.

„Seinna var boðið upp á árs-tíðartengdar vörur eins og jóla-pappír, páskaegg og túlípána. Einnig hafa verið seldir álfar, bláir naglar og sjómanna-dagsmerki svo eitthvað sé nefnt. Unglingahópar hafa tekið að sér vörutalningu og tekið upp jólavörur og fengið greitt fyrir.“

Foreldrar hafa líka haft frumkvæði að ýmsum fjáröflunum að sögn Rósu. „Til að mynda voru KR-sokkar framleiddir og seldir auk þess sem lítill hópur skellti sér í bókunarpappírssölu fyrir ein jólin. Ég verð alltaf svo glöð þegar ég heyri af svona einstaklingsframtaki og fagna því innilega. Við reynum líka að vera skapandi í fjáröflunarhugmyndum. Síðasta verkefni okkar var t.d. fjölnota pokar sem við Helga Ósp Jóhannsdóttir hönnuðum og létum framleiða til sölu.“

Fjáraflanir safna þó ekki bara peningum, þær styrkja tengsl milli foreldra og eiga stóran þátt í að byggja upp samkennd innan íþróttafélaga að sögn Rósu. „Það er mjög mikilvægt að hafa fjáraflanir í boði fyrir þau verkefni sem fram undan eru. Það er svo val foreldra að taka þátt. Auk þess höfum við hjá KR farið þá leið að fá foreldra yngri iðkenda til að aðstoða við ákveðin störf á heimaleikjum KR í meistara-flokki karla í knattspyrnu. Það fjáröflunarverkefni hefur

mælst mjög vel fyrir og einmitt skapað góðan anda og samkennd og jafnvel nýjan venskap milli foreldra iðkenda. Það er ótrúlega gaman að taka þátt í starfi félagsins með foreldrum á aðeins öðrum forsendum en að hitta þá á íþróttamótum.“

Góður lærdómur

Fyrst um sinn eru fjáraflanir á herðum foreldra en þegar börnin eldast geta þau sjálf tekið ábyrgð. „Það getur verið góður lærdómur fyrir þau þar sem íþróttir, æfingar, keppnisferðir og fatnaður kostar peninga og það er jákvætt að börnin fái tækifæri til að leggja sitt af mörkum og safna fyrir einhverju verðugu.“

Íþróttafélög leita stöðugt leiða til að selja nýjar vörur eða taka að sér ný verkefni. Stundum fer það ekki alltaf vel og segir Rósa að það hafi kennt þeim að kanna betur hvers konar vörur og þjónustu er um að ræða. „Ég man að við fengum boð um að pakka þvottaefnisdufti í litlar einingar fyrir ákveðið fyrirtæki. Okkur leist ágætlega á þetta en við nánari athugun af hálfu fyrirtækisins kom í ljós að strangar reglur gilda um pökkun á þvottaefni og því varð ekkert úr þessu annars áhugaverða boði. Svona heyrir þó til undantekninga og við lærum bara af þessum.“



„Það eru fjölmargir foreldrar innan félagsins sem koma að fjáröflunum og án þeirra væri þetta ekki hægt,“ segir Rósa Hrönn Árnadóttir. MYND/VILHELM

Rekstrarvörur til fjáröflunar

– safnaðu peningum með sölu á fjáröflunarvörum frá RV



Er æfingaferð, keppnisferð, útskriftarferð eða önnur kostnaðarsöm verkefni framundan?

Síðustu 30 árin hafa félagar í íþróttafélögum, kórum og öðrum félagasamtökum aflað sér fjár á einfaldan hátt með sölu á WC pappír, eldhúsrúllum, þvottadufti og öðrum fjáröflunarvörum frá RV

FÓTBOLTI



BADMINTON



SUND



HANDBOLTI



KÖRFUBOLTI



RV.is

Rekstrarvörur
– fyrir þig og þinn vinnustað

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is



RV IS

Dósasöfnun arðsöm

Í kringum jól og áramót er tilvalið að fara á stúfana og safna flöskum og dósum enda sjaldan jafn mikið af þeim í geymslum landsmanna og eftir hátíðarnar.

Þeir sem eru í fjáröflun af einhverju tagi geta haft verulega mikið upp úr því að ganga í hús og safna dósum, plasti og flöskum. Best er að bera út miða nokkru fyrir hátíðarnar þar sem tekið er fram hvað standi til og fyrir hverju er verið að safna. Eins hvaða dag söfnunin fari fram og á hvaða tíma megi eiga von á því að barið verði að dyrum. Þannig geta þeir sem vilja gefa haldið dósunum til haga og haft þær tiltækar.

Skilagjald fyrir dósir, plast og gler er 16 krónur hjá Endurvinnslunni. Greitt er fyrir plastflöskur utan af ávaxtasafa, gosdrykkjum, orkudrykkjum og vatni en ekki utan af mat, þvottalegi, mjólkurdrykkjum og öðru slíku. Greitt er fyrir glerflöskur utan af áfengi, bjór, ávaxtasafa, gosdrykkjum og orkudrykkjum en ekki fyrir glerkrukkur, matar-, olfu- og edikflöskur. Þá er greitt er fyrir áldósir undan gosdrykkjum, orkudrykkjum og bjór.

Dæmi eru um að fjáröflunarhópar safni tugum og jafnvel hundruðum þúsunda með dósasöfnun um og eftir hátíðarnar. Það er því síður en svo vitlaus fjáröflunarleið.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Ámsjónarmaður auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is s. 512 5434.

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.



Hjá þeim Hjalti Þór Halldórsson, Árna Leó Stefánssyni og Atla Þór Sigurðssyni í verslun Rekstrarlands í Mörkinni 4 er hægt að skoða fjáröflunarpakka og sækja vörur. Þar er einnig boðið upp á úrval af almennum rekstrarvörum.

MYND/GVA

Gæðavörur til fjáröflunar

Rekstrarland og Olís útvega íþróttafélögum, hópum og einstaklingum fjáröflunaryörur á góðum kjörum. Í þeim flokki hafa hreinlætisvörur verið hvað vinsælastar og þá helst salernis- og eldhúspappír. Einungis er boðið upp á gæðavörur á góðu verði.

Hjalti Þór Halldórsson segir að Olís hafi um langt skeið útvegað fjáröflunaryörur á góðum kjörum til allra þeirra sem eru í fjáröflun, jafnt íþróttafélaga, félagasamtaka, hópa eða einstaklinga. Í þeim flokki hafa hreinlætisvörur verið hvað vinsælastar og þá helst salernis- og eldhúspappír. „Við erum auk þess með fjölmarga möguleika á alls kyns fjáröflunaryörum og bjóðum upp á mikla fjölbreytni til að hafa sem mest úrval. Dæmi um slíka pakka er umhverfisvæni

heimilispakkinn, bílapakkinn og pokapakkinn vinsæli svo eitthvað sé nefnt,“ greinir Hjalti frá.

„Við þjónustum fólk um allt land og hægt er að skoða allar vörur á heimasíðum okkar, olis.is og rekstrarland.is. Nýlega var opnuð verslun Rekstrarlands í Mörkinni 4 þar sem hægt er að skoða alla fjáröflunaryörur og sækja vörur. En þar bjóðum við einnig upp á úrval af almennum rekstrarvörum og margvíslegar lausnir. Möguleikarnir á samsetningu pakkanna eru margir og

hægt er að sníða þá eftir óskum hvers og eins,“ segir Hjalti. „Olís og Rekstrarland eru með öflugt þjónustunet um allt land í gegnum þjónustuver og útibúin okkar. Það auðveldar flutning og fólk þarf ekki að greiða sendingarkostnað,“ segir Hjalti enn fremur.

Hjalti segir að fólk sé farið að gera meiri kröfur um gæði og þeir séu meðvitaðir um það. „Við bjóðum einungis gæðavörur á góðu verði. Það tryggir að hóparnir geta endurtekið fjáröflunina hjá sér. Yfirleitt er fyrsta spurningin hjá kaup-

„**Við erum búnir að vera með þennan pappír í nokkur ár og aldrei fengið kvartanir.**“

endum hvort pappírinn sé góður. Við erum búnir að vera með þennan pappír í nokkur ár og aldrei fengið kvartanir. Viðskiptavinir okkar koma aftur og aftur,“ segir Hjalti. „Yfirleitt eru

vörurnar seldar á milli ættingja og vina áður en þær eru pantaðar hjá okkur. Nú er einnig í boði á heimasíðum okkar að notast við sérstakt fjáröflunarkerfi sem auðveldar fjáröflunina fyrir alla hópa, smáa sem stóra. Við erum með öflugt teymi í Rekstrarlandi sem aðstoðar við val á vörum og útskýrir ferlið fyrir þeim sem eru að gera þetta í fyrsta sinn.

Best er að hafa samband og við finnum bestu lausnina fyrir þinn hóp. Við aðstoðum þig með þína fjáröflun um land allt. Sími þjónustuværs er 515-1100.“

Öflug fjáröflun fyrir hópinn

Samsettir fjáröflunaryörur eða sérsníðnir eftir óskum hópsins



Hafðu samband við sérfræðinga okkar í Rekstrarlandi í síma 515 1100 eða næsta útibú Olís og leitið tilboða.



REKSTRARLAND
-léttir þér lífið

Nokkrar góðar á kökubasarinn

Kökubasar er klassísk fjáröflunarleið. Þá sameinast hópar um að hver og einn innan hans komi með eina eða fleiri kökur til að selja. Úrvalið á slíkum basörum er ávallt mikið en hér má finna þrjár hugmyndir sem auðvelt er að gera.

Pekanhnetusúkkulaðikaka

Brownie-blanda:

100 g ósaltað smjör.
230 g dökkt súkkulaði, saxað
170 g sykur
100 g ljós púðursykur
3 stór egg
1 ½ tsk. vanilluextrakt
¾ tsk. salt
100 g hveiti
3 msk. ósætt kakó

Bræðið smjör og súkkulaði yfir vatnsbaði. Hrærið saman sykri, eggjum, vanillu og salti í annarri skál. Blandið báðum blöndum saman, bætið við hveiti og kakói og blandið varlega saman.

Pekanblanda

200 g pekanhnetur gróft saxaðar
2 msk. ósaltað smjör
100 g ljós púðursykur
4 msk. dökkt síróp



Pecan-hnetusúkkulaðikaka.

½ tsk. vanilluextrakt
Örlítið salt

Hitið ofninn í 175 gráður. Hellið brownie-blöndunni í smurt, eldfast mót. Best er að nota kringlótt mót með lausum botni. Bakið í um 20 mínútur. Á meðan er pekanblandan undirbúin með því að hræra öll hráefni í skál. Takið kökuna úr ofninum, dreifið pekanblöndunni yfir. Bakið áfram í um 15 mínútur. Látið kólna áður en kakan er tekin úr mótinu.



Seigir haframjölbitar.

Stökk karamella með hnetum

250 g sykur
100 g vatn
110 g ósaltað smjör
70 g síróp
½ tsk. matarsóði
340 g ristaðar salthnetur
Sjávarsalt

Blandið sykri, vatni, smjöri og sírópi saman í stórum potti og hitið að suðu.

Látið sjóða við miðlungshita og hrærið í annað veifið þar til karamellan er orðin ljósbrún og hitinn er kominn í 150 gráður. Þetta tekur um 10 mínútur. Takið af hitanum og hrærið matarsóðanum varlega saman við. Blandið nú hnetunum saman við og skafið blönduna strax á bökunarpappír. Dreifið úr blöndunni og stráðið salti yfir. Látið kólna í hálf tíma og brjótið karamelluna síðan í stóra bita.

Seigir haframjölbitar

220 g ósaltað smjör
150 g hunang
100 g sykur
1 kg af haframjöli
80 g sólblómafræ
225 g ósaltaðar ristaðar möndlur
225 g þurrkuð trönuber
1 msk. hveiti
1 klípa salt

Hitið ofninn í 160 gráður. Setjið bökunarpappír í ferkantað eldfast mót. Setjið smjör, hunang og sykur í stóran pott og hitið á miðlungshita þar til smjörið er bráðið. Takið af hitanum. Blandið haframjöli, sólblómafræjum, möndlum, trönuberjum, hveiti og salti í skál. Blandið nú þurrefnunum saman við smjörblönduna. Setjið í mótið og þrýstið varlega ofan á blönduna. Bakið í um 30-35 mínútur. Látið kólna alveg. Færið kökuna á skurðarbretti og skerið í þægilega bita.



Stökk karamella með hnetum.

Flatkökur vinsæl fjáröflun

Kökugerð HP býður dýrindis flatkökur, kleinur, kanilsnúða og pitsur í fjáraflanir fyrir hvers kyns hópa og félagsamtök. Allt er afgreitt nýbakað og vörurnar keyrðar upp að dyrum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þá sendir fyrirtækið vörur um allt land.

Kökugerð HP býður upp á frábærar vörur í fjáröflun,“ segir Andrea Ýr Grímsdóttir, sölustjóri Kökugerðar HP á Selfossi, en fyrirtækið framleiðir flatkökur, kleinur, kanilsnúða, pitsur og einnig hið vinsæla HP-rúgbrauð, bæði fyrir verslanir, mótuneyti og hvers kyns fjáraflanir félagsamtaka og hópa.

Gott í frystinn

Andrea segir alltaf jafn vinsælt að selja flatkökur í fjáröflun.

„Við bjóðum til að mynda okkar einu sönnu HP flatkökur, kanilsnúða, kleinur og einnig pitsur í fjáröflun. Þetta er eitt hvað sem fólki finnst gott að eiga í frystinum og grípa til, til dæmis í nesti fyrir krakkana í skólann. Bæði er hægt að selja einstakar vörutegundir eða búa til samsetta pakka, til dæmis með flatkökum og kanilsnúðum og kleinum. Það er einnig vinsælt að selja þrjár pitsur í pakka,“ útskýrir Andrea.

Allt nýbakað

„Allar okkar vörur eru nýjar og ferskar við afhendingu og við leggjum okkur fram um að veita persónulega og mjög góða þjónustu. Það stendur öllum til boða að panta hjá okkur hvar sem fólk er statt á landinu. Við keyrum



„Allar okkar vörur eru nýjar og ferskar við afhendingu og við leggjum okkur fram um að bjóða persónulega og mjög góða þjónustu,“ segir Andrea Ýr Grímsdóttir, sölustjóri Kökugerðar HP á Selfossi.

pantanir heim að dyrum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og á flutningsaðila fyrir landsbyggðina.“

Úrvalið á heimasíðunni.

„Úrvalið má skoða á heimasíðunni flatkaka.is og leggja má inn pantanir í gegnum netfangið hpflatkokur@simnet.is. Gott er að panta með tveggja daga fyrirvara. Ef fólk er með einhverjar spurningar ætti það ekki að hika við að senda okkur fyrirspurn á hpflatkokur@simnet.is og við svörum um hæl.“



Vörur Kökugerðar HP á Selfossi eru frábærar til fjáröflunar. Bæði er hægt að selja einstakar vörutegundir eða búa til samsetta pakka. Nánari upplýsingar á www.flatkaka.is. MYNDIR/KÖKUGERÐ HP